

Mál nr. 85/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Slys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 14. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 25. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi þann 27. janúar 2018 orðið fyrir slysi þegar hann var að ganga frá verslun X að bíl sínum sökum þess að hann hafi runnið á svellbunka sem hafði myndast á mörkum aðkomuleiðar og bílaplans. Slysið hafi orðið u.þ.b. 8 metrum frá inngangi verslunarinnar. M telur X ekki hafa gert fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hálfu og tryggja öryggi viðskiptavina sinna og ekki hafi verið búið að salta eða sanda svæðið. Vísað er til dómaframkvæmdar um að umráðamenn fasteigna þar sem rekin er verslun eða þjónusta sæti strangara saknæmi þar sem slík fyrirtæki leitist við að laða að til sín fólk.

V hafnaði bótaskyldu á grundvelli þess að slysið sé ekki að rekja til atriða sem X beri ábyrgð skaðabótaábyrgð á að lögum. Í bréfi V kemur fram að M hafi verið á leið til baka í bifreið sína og honum hafi mátt vera ljós sú hætta sem stafaði af hálkunni. Þá hafi veðurfar þennan dag og dagana í kringum slysið verið með þeim hætti að sérstök ástæða hafi verið til aðgæslu og oft sé erfitt að gera ráðstafanir þannig að hálka sé upprætt algerlega á stórum svæðum eins og bílastæðum. Einnig kemur fram að skyldur séu ríkari næst inngangi sbr. dómafordæmi Hæstaréttar en ekki sé unnt að gera sambærilegar kröfur til bílastæða.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýst um það hvort verslunin X beri skaðabótaábyrgð á því að M hafi runnið á hálfu fyrir utan verslunina. Í málinu liggur fyrir að hálka hafi verið umhverfis verslunina á slysdegi og að M hafi dottið þegar hann var leið frá versluninni og að bíl sínum. Það kemur fram að veðuraðstæður hafi verið þannig dagana í kringum slysið að ástæða hafi verið til aðgætni. Hins vegar er ljóst að erfitt er að koma algerlega í veg fyrir hálfu á stórum svæðum eins og bílastæðum. Í gögnum málsins kemur fram að það er snjóbræðslukerfi undir stéttinni fyrir framan verslunina og við inngang hennar og að það hafði verið saltað á gangstéttum og bílastæðum þennan dag sem og á þeim stað þar sem M féll. X hafði því gert viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi viðskiptavina sinna. Þar sem M var að fara til baka úr verslun í bíl sinn þegar hann féll átti honum að vera kunnugt um aðstæður á slysstað og með tilliti til veðurfars þennan dag átti M að vera ljóst að hann þyrfti að gæta varúðar. Með vísan til framangreinds verður ekki talið að X hafi sýnt af sér ólögmæta eða saknæma háttsemi og er kröfu M því hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir